



Til bæjarráðs

Kópavogi, 1. febrúar 2022
2105085/511.10 ÁH

Efni: Niðurstöður stýrihóps um nýtingu húsrýmis í kjallara Kórsins

Bæjarráð samþykkti skipun stýrihóps um þróun kjallara Kórsins þann 6.maí 2021.

Hlutverk hópsins var að vera ráðgefandi við bærarstjórn um útfærslu á nýtingu rýmis í húsnæði kjallara Kórsins og leggja fram tillögur þar að lútandi eins og fram kemur í erindisbréfi dags. 30.ágúst 2021.

Verkefni hópsins voru eftirfarandi:

- Leggja mat á þarfir Hörðuvallaskóla hvað varðar fjölgun kennslurýma
- Meta húsnæðisþarfir félagsmiðstöðvarinnar Kúlunnar.
- Leggja mat á þarfir og þróun menningarmiðstöðvar/bókasafns í efri byggðum Kópavogs.
- Leggja mat á leiðir til að styrkja enn frekar tækifæri barna til tónlistarnáms innan hverfis og í efri byggðum Kópavogs.

Meðfylgjandi er greinargerð stýrihópsins ásamt niðurstöðum.

Virðingarfyllst,



Ármann Kr. Ólafsson
bæjarstjóri